

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1085
komudagur 10.3.198



ÞRÓUNARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Alþingi
Allsherjarnefnd

Reykjavík, 5. mars 1998


Varðar: Frumvarp til áfengislaga

Á fundi stjórnar Þróunarfélags Reykjavíkur 25. febrúar s.l. var tekið til umræðu ný framkomið frumvarp til áfengislaga. Auk stjórnarmanna sátu fundinn Karl Steinar Valsson, aðst. yfirlögregluþjónn við Lögreglustjóraembættið í Reykjavík og Kolbeinn Árnason lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu. Að umræðum loknum var samþykkt að fela undirrituðum að koma á framfæri við háttvirta allsherjarnefnd Alþingis þeirri áskorun stjórnar Þróunarfélagsins að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Það er skoðun stjórnar Þróunarfélags Reykjavíkur að í frumvarpinu séu nýmæli sem horfi til bóta og á það sérstaklega við um V. kafla laganna um veitingu áfengis, VII. kafla um leyfissviptingar, refsingar o.fl. (24. gr.), svo og ákvæði um úrskurðarnefnd um áfengismál.

Á fundinum kom fram sú ábending er varðar 30. grein frumvarpsins um skipun úrskurðarnefndar að eðlilegra væri að dómsmálaráðherra skipaði formann nefndarinnar í stað félagsmálaráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllt,
f.h. Þróunarfélags Reykjavíkur


Pjetur Sveinbjarnarson
framkvæmdarstjóri